

## Liljan

Ég leit eina lilju í holti,  
Hún lifði hjá steinum á mel.  
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk.  
En blettinn sinn prýddi hún vel.

Ég veit það er úti um engin  
mörg önnur sem glitrar og skín.  
Ég þræti ekki um litinn né ljómann.  
En liljan í holtinu er mín.

Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindunum visni  
á völlum og engjum hvert blóm,  
og haustvindar blási um heiðar  
með hörðum og deyðandi róm

og veturinn komi með kulda  
og klaka og hríðar og snjó,  
hún lifir í hug mér sú lilja  
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.  
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.  
Þessi lilja er mín lifandi trú.

*Lag og texti: Þorsteinn Gíslason*

*Faðir vor*

*Einsöngur*

Líttu sérhvert sólarlag  
Lag og texti: Þorsteinn Gíslason  
Söngur: Ragna Björg Ársælsdóttir

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Lag: P. C. Krossing  
Texti: Sveinbjörn Egilsson*

*Moldun*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín svo blundi rótt.

*Lag: P. C. Krossing  
Texti: Matthías Jochumsson*

*Blessun*

*Eftirspil*

Guðjón Halldór Óskarsson



Prestur: Sr Ingimar Helgason  
Organisti: Guðjón Halldór Óskarsson

Söngur: Öðlingarnir  
Einsöngur: Hlynur Þór Agnarsson  
Ragna Björg Ársælsdóttir

Útvarpað á rás 104,0 og inni á  
<https://netkynning.is/dagny-kristjansdottir>

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug og bjóða viðstöddum  
að þiggja veitingar á Hótel Vík, að athöfn lokinni.



# Dagný Kristjánsdóttir

Fædd 22. september 1990

Dáin 9. október 2023



Jarðaför frá Víkurkirkju  
föstudaginn 20. október 2023

## Forspil

Guðjón Halldór Óskarsson

## Bæn

### Bæn einstæðingsins

Þegar raunir þjaka mig,  
þróttur andans dvínar.  
Þegar ég á aðeins þig  
einn með sorgir mínar

Gef mér kærleik, gef mér trú  
gef mér skilning hér og nú.  
Nístir kvöl í næmri sál  
nætur dvöl er hjartabál.

Ljúfi Drottinn, lýstu mér  
svo lífsins veg ég finni.  
Láttu ætíð ljós frá þér  
ljóma í sálu minni.

Ljóð: Ómar Ragnarsson og Gísli á Uppsölum  
Lag: Hlynur Snær Theodórsson

## Ritningarlestur



### Orðin mín

Einvern tímann, ef til vill  
og óralangt frá þessum stað  
mun ástin hörfa heim til þín  
og hjartans dyrum knýja að.

Og einmitt þá og einmitt þar  
mun ástin krefja þig um svar.  
Þá er rétt að rifja upp — orðin mín.  
Þau eru stirð. Þau eru fá.  
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.  
Þau munu engu að síður alltaf bíða þín.

Því hvað er ást og hvað er svar?  
Og hvernig geymist allt sem var?  
Mundu að hvar sem hjartað slær  
hamingjan er oftast nær.

Einmitt þá og einmitt þar  
mun ástin krefja þig um svar.  
Þá er rétt að rifja upp — orðin mín.  
Þau eru stirð. Þau eru fá.  
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.  
Þau munu engu að síður alltaf bíða þín.

Lag og ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

## Guðspjall

### Hærra minn Guð til þín

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
veg móður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddi minn steinn,  
heilög skal heimvon mín.  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýttri braut  
glaður ég hleð.  
Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Lag: Sarah F. Adams  
Texti: Matthías Jochumsson

## Minningarorð

### Einsöngur

Söknuður

Lag: Jóhann Helgason - Texti: Vilhjálmur Vilhjálmsson  
Söngur: Hlynur Þór Agnarsson

## Bæn